


Útinám => föstu tímarnir á miðstigi

Stuðst er við vitin 3 sem eru hluti af einkunnarorðum skólans.



Áherslur: Við erum lífverur náttúrunnar og við erum einstaklingar og virkir þátttakendur í stóru samfélagi.


 upplifun, skynjun, eftirtekt


 náttúran í nærumhverfi okkar

 áhrif mín á náttúru og áhrif náttúru á mig

 aðgengi og jafnrétti

 ábyrgð mín og gagn í samfélaginu og gagnvart umhverfinu

 áhrif mín á samborgara mína og áhrif annarra í samfélaginu á mig

 rannsóknir – að rannsaka og miðla

 Hanna, smíða, skapa, búa til (hluti og leiki).

* Heimilisfræðin er á móti útinámstímunum (hluti af hópnum í heimilisfræði á miðvikudögum aðra vikuna og útinámi næstu vikuna) og verður kennd utandyra að mestu leyti fram að áramótum, en að mestu leyti innandyra eftir það. Ekki er heimilisfræði á mánudögum.

* Til viðbótar við föstu útinámstímarnir í stundatöflu nemenda eru allir kennarar skólans hvattir til að nýta tækifæri í hverri lotu til að vinna að ýmsum verkefnum í sem flestum námsgreinum (stæ., ísl., tungumálum, náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttum, heimilisfræði, myndmennt o.s.frv.) utandyra t.d. í gegnum leiki, rannsóknarvinnu eða í beinni tengingu við hluti úr nærumhverfinu.